



**Samráðsgátt**  
**Menningar- og viðskiptaráðuneytið**  
**Mál nr. 144/2022**

Reykjavík, 15. september 2022

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á þinglýsingalögum o.fl. vegna rafræna skuldaviðurkenninga, mál nr. 144/2022 í samráðsgátt.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og fleiri lögum (stafrænt Ísland, tæknilegt hlutleysi þinglýsinga, rafrænar skuldaviðurkenningar o.fl.) sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda.

SFF þakka fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og fagna því heilshugar að frumvarpsdrögin séu komin fram. Í frumvarpinu eru margar góðar tillögur sem eru til þess fallnar að hagræði náist í viðskiptum og stjórnsýslu. Má þar nefna að afar jákvætt er að lagt er til að rafrænar skuldaviðurkenningar njóti sams konar réttarfarshagræðis við aðför og nauðungarsölu eins og tíðkast um kröfur á grundvelli veðskuldabréfa.

Verði rafrænar skuldaviðurkenningar að veruleika munu skapast miklir möguleikar í rafrænum viðskiptum sem ekki hafa verið fyrir hendi fram að þessu og af því getur skapast mikið hagræði bæði fyrir lánveitendur og lántaka hvað varðar rafræn viðskipti og stjórnsýsluna hvað varðar þinglýsingu skjala. Mikilvægt er að þetta nýja form lánaskjala henti bæði þörfum lánveitenda og lántaka í viðskiptum þeirra á milli þannig að raunverulegt hagræði verði af því í viðskiptum. Því er lyklatríði að vel takist til við lögfestingu nýrra ákvæða um rafrænar skuldaviðurkenningar. Því vilja SFF koma athugasemdum á framfæri um frumvarpsdrögin.

**Helstu áherslur SFF**

**Gildissvið:** Það veldur vonbrigðum að gildissvið frumvarpsins takmarkist við rafræna skuldaviðurkenningu sem lánveitandi gerir við neytanda til fjármögnunar kaupa á eigin íbúðarhúsnaði, sbr. 2. gr. frumvarpsins (1. mgr. 2. gr. a.), og neytendalán til fjármögnunar kaupa á bifreið, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Að mati SFF er ekki rökrétt að takmarka lánsformið við fjármögnun neytenda á eigin íbúðarhúsnaði og neytendalán til fjármögnunar kaupa á bifreið.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

Hagræði lánveitanda af því að nýta rafrænar skuldaviðurkenningar í viðskiptum mun verða of takmarkað ef þetta verður niðurstaðan. Það mun leiða til þess að lánveitendur þurfa að koma upp mismunandi ferlum í tengslum við mismunandi lánsform eftir því hver lántaki er og hver tilgangur hans er með lántökunni. Þetta getur fælt lánveitendur frá því að nýta rafrænar skuldaviðurkenningar. Mikilvægt er að lánastofnanir geti notað rafrænar skuldaviðurkenningar fyrir öll fasteignalán til neytenda og öll neytendalán, en ekki aðeins þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin sérstök rök virðast vera fyrir því að takmarka lánsformið á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er bent á að þröng afmörkun frumvarpsins á tegundum lána sem frumvarpið tekur til veldur óvissu um túlkun hvort að nota megi nýja lánsformið til endurfjármögnunar og framkvæmdalána. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á um að hægt verði að nota lánsformið í þeim tilgangi.

Hér er líka ástæða til að velta því upp hvers vegna valin er sú leið að lögaðilar geti ekki nýtt sér þetta nýja lánsform. Ekki er gott að sjá hvaða rök liggja að baki þeirri tillögu. SFF telja að það séu miklir hagsmunir af því fyrir fyrirtæki og lögaðila að geta nýtt sér þetta nýja lánsform.

Til þess að þetta nýja lánsform geti náð til fleiri lána en þeirra sem frumvarpið gerir ráð fyrir gæti verið heppilegra að setja almenn sérlæg um rafrænar skuldaviðurkenningar samhliða þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum.

SFF leggja til að frumvarpinu verði breytt þannig að mögulegt verði að nýta rafræna skuldaviðurkenningu í sem flestum tegundum lánaviðskipta.

**Mótbárumissir og tengd atriði:** Í 19. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán er kveðið á um að mótbárum glatist ekki við framsal neytendaláns. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 17. gr. neytendalánatilskipunarinnar 2008/48/EB. Sambærilegt ákvæði er hins vegar ekki að finna í lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda, enda er ekki gert ráð fyrir slíku í þeirri tilskipun sem þau lög innleiða. Í samræmi við þetta glatast mótbárum við framsal þegar um er að ræða fasteignalán til neytenda á formi veðskuldabréfs, þ.e. viðskiptabréfs, sem tekin eru á grundvelli laganna. Það skýtur því skökku við að leggja til í 7. mgr. 2. gr. frumvarpsins breytingu á þessu í lögum um fasteignalán til neytenda. SFF leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að sömu reglur gildi um mótbárumissi fasteignalána til neytenda í formi rafrænna skuldaviðurkenninga og gilda um viðskiptabréf. Ekki verður séð að ástæða sé til að gera greinarmun á rafrænum skuldaviðurkenningum og viðskiptabréfum að þessu leyti. Ekki er rökstutt í frumvarpinu með sannfærandi hætti af hverju önnur leið er valin. Í almennum skýringum með frumvarpinu (3.2) segir að ekki sé sama þörf á mótbárutapi í tilfelli rafrænna skuldaviðurkenninga þar sem ekki sé sama þörf á því að þær geti greiðlega gengið kaupum og sölum milli kröfuhafa og viðskiptabréf.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

Þörf á mótbárumissi sé einnig minna í ljósi ákvæða frumvarpsins um verklag við gerð og umsýslu lánsamninga í formi rafrænna skuldaviðurkenninga. Þessi rök eru ekki sannfærandi. Það að mótbáru tapist ekki getur haft eftirfarandi áhrif:

1. Ekki er útilokað að talið verði að rafrænar skuldaviðurkenningar teljist ekki hæfar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréfs, eða ekki jafnhæfar og skuldabréf. Þetta þarf að kanna sérstaklega, m.a. hjá fjármálaeftirliti Seðlabankans og skilavaldi Seðlabankans.
2. Ákvæðið um að mótbáru tapist ekki er til þess fallið að draga úr áhuga lánastofnana á því að nota nýja lánsformið í stað skuldabréfa, enda felur síðara lánsformið í sér meira réttaröryggi að þessu leyti og þar með minni áhættu fyrir lánastofnanir en það fyrrnefnda.

Á sama hátt vekja SFF athygli á að ákvæði frumvarpsins um framkvæmd framsals og takmarkanir á framsali, að því er varðar fasteignalán til neytenda á formi rafrænna skuldaviðurkenninga, kunna að leiða til þess að rafrænar skuldaviðurkenningar verði ekki taldar hæfar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréfs, eða þá ekki jafnhæfar og skuldabréf. Þá væri ástæða til að kveða á um að rafrænar skuldaviðurkenningar yrðu felldar undir XVII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem geymir sérstakar málsmeðferðarreglur vegna mála sem höfðuð eru til greiðslu skuldar.

SFF leggja til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að sömu reglur gildi um mótbárumissi, framsalshæfi og málsmeðferð (réttarfarshagræði) að því er varðar rafrænar skuldaviðurkenningar og gilda um viðskiptabréf.

**Tvíhliða samningur eða einföld skuldaviðurkenning:** Í 4. mgr. 2. gr. a. er gerð krafa um að lánveitandi undirriti rafræna skuldaviðurkenningu. Frumvarpshöfundar leggja þannig upp með að rafræn skuldaviðurkenning verði í formi tvíhliða samnings en ekki einhliða skuldaviðurkenningar. Ekki verður séð að þörf sé á þessu skilyrði. Heppilegra væri fyrir skjalavinnslu lánastofnana að um einhliða skuldaviðurkenningu geti verið að ræða. Einhliða skuldaviðurkenningar tíðkast nú þegar fyrir fasteignalán og mikilvægt er að hægt verði að nota þær áfram.

SFF leggja því til að frumvarpið mæli fyrir um að rafræn skuldaviðurkenning geti einnig verið á formi einhliða skuldaviðurkenningar lántaka, eins og algengt er í viðskiptum.

**Upplýsingagátt rafrænna skuldaviðurkenninga:** Í 2. gr. b. er mælt fyrir um að starfrækja skuli upplýsingagátt rafrænna skuldaviðurkenninga sem felur í sér rafrænan vettvang þar sem

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

neytandi getur nálgast á einum stað tiltekna upplýsingar um rafræna skuldaviðurkenningu frá lánveitanda, og eftir atvikum opinberum aðilum. Þegar gögn eru aðgengileg í upplýsingagáttinni teljast þau hafa verið birt viðtakanda að lögum. SFF eru hlynt slíkri rafrænni upplýsingamiðlun.

Samtökin leggja ríka áherslu á að við þróun og gerð upplýsingagáttarinnar verði haft náið samstarf við aðildarfélög samtakanna hvort sem það varðar tæknilegar útfærslur, hvaða gögn verða birt í gáttinni og kostnaðarþátttöku lánastofnana sem virðist vera gert ráð fyrir í ákvæðinu.

### Nánar um einstök ákvæði frumvarpsins

**Um 1. gr.** Í 1. mgr. 1. gr. er mælt fyrir um að hugtakið skjal í þinglýsingalögum taki bæði til skjala á pappírformi og rafrænu formi. Einnig er tekið fram í ákvæðinu að áskilnaður í öðrum lögum eða í samningum um að löggerningur sé skriflegur skuli ekki standa í vegi fyrir því að rafræna skjali sé þinglýst nema það sé skilyrði fyrir gildi löggernings að hann sé á pappírformi. Í skýringu með ákvæðinu kemur fram að þetta geti t.d. átt við um erfðaskrár, sbr. 1. mgr. 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og kaupmála, sbr. 80. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Ákvæðið er almennt og opið. Telja verður óheppilegt ef ekki er skýrt og tæmandi talið hvaða tilvik þetta eru.

Í 4. mgr. 1. gr. segir að áskilnaði um áritun þinglýsingarstjóra á skjal í ákvæðum laga þessara megi fullnægja með rafrænni áritun eða færslu ef skjal er á rafrænu formi. Hér þyrfti að skýra betur hvaða útgáfa skjals telst vera endanlegt skjal, hvernig endanlegt skjal er vistað og hvort áritað skjal teljist vera nýtt skjal eða hvort áritun teljist vera rafræn þinglýsingarfærsla.

Í 5. mgr. 1. gr. er mælt fyrir um reglugerðarheimild um framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga á rafrænum skjölum. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um framkvæmd þinglýsingar á rafrænum skuldaviðurkenningum í reglugerðinni. Sú spurning vaknar á þessu stigi hvort áfram skuli miðað við rafræna þinglýsingarfærslu eða verður rafræna skjalið áritað með rafrænum hætti um þinglýsingu? Loks er bent á að það kann að vera ástæða til að skoða hvort þörf er á að gera frekari breytingar á þinglýsingalögum, svo sem 12. gr. laganna sem kveður á um áritun vegna breytinga á veðréttindum og 13. gr. sem kveður á um áritun þegar um aflýsingu er að ræða.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

**Um 2. gr.****2. gr. a.**

Hvað varðar 1. mgr. 2. gr. er vísað til umfjöllunar um gildissvið frumvarpsins hér að framan þar sem bent er á að það er afar óheppilegt fyrir lánastofnanir ef notkun lánsforms rafrænna skuldaviðurkenninga takmarkast við fjármögnun eigin íbúðarhúsnæðis neytenda. A.m.k. þarf nýja lánsformið að geta náð til allra fasteignalána til neytenda samkvæmt lögum þar að lútandi. Jafnframt er æskilegt að hægt verði að nota formið þegar lánsveð eru notuð til fjármögnunar fasteignakaupa. Komi til þess, þarf að gera breytingu á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og bæta þar við tilvísun í nýjan 12. lið 1. mgr. 1. gr. laganna. Þá væri einnig jákvætt fyrir viðskiptalífið ef lögaðilar geta nýtt þetta lánsform.

Gerð er athugasemd við orðalagið að rafræn skuldaviðurkenning eigi við um „samning um lán“ en það felur í sér að ekki sé átt við einhliða skuldaviðurkenningu. Vísað er til umfjöllunar hér að framan þar sem fram kemur að SFF telja eðlilegt að rafræn skuldaviðurkenning geti verið einhliða skuldaviðurkenning þó hún teljist ekki til viðskiptabréfa.

Hér er einnig ástæða til að staldra við síðasta málslið ákvæðisins þar sem mælt er fyrir um að óheimilt verði að semja um eða bera fyrir sig kjör í rafrænum skuldaviðurkenningum sem eru neytanda óhagstæðari en myndi leiða af lögum þessum eða sérlögum. Þetta ákvæði er ekki skýrt og óljóst hver tilgangur þess er. Dæmið sem er gefið í skýringu með ákvæðinu er ekki til þess fallið að skýra tilgang ákvæðisins. Hugsanlega mætti skýra ákvæðið með því að breyta orðalagi þess með eftirfarandi hætti: „Óheimilt er að semja um eða bera fyrir sig skilmála í rafrænum skuldaviðurkenningum sem eru neytanda óhagstæðari en ef lán væri veitt á grundvelli skuldabréfs.“

Í 2. mgr. kemur fram að aðeins þeim aðilum sem taldir eru upp í 1.-3. tölul. 2. mgr. 42. gr. laganna verði heimilt að gera samning við neytanda um rafræna skuldaviðurkenningu. Í 4. tölul. sömu greinar eru váttryggingafélög nefnd sem aðili sem heimilt er að veita lán án undangenginnar skráningar hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna. Ekki er að sjá sérstök rök hnígi til þess að undanskilja váttryggingafélög með þessum hætti og því lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að það nái til allra aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 42. gr. laganna enda kemur þetta jafnframt í veg fyrir að váttryggingafélög sem stunda umtalsverða fjárfestingastarfsemi (og hafa nú þegar heimild til að veita fasteignalán til neytenda) geti fjárfest í lánnum eða lánasöfnum af þeirri einu ástæðu að þær eru í búningi rafrænna skuldaviðurkenninga, sbr. 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Er því lagt til að frumvarpinu verði breytt hvað þetta varðar.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

Í 3. mgr. er gerð krafa um að lánveitandi undirriti rafræna skuldaviðurkenningu. Ekki verður séð að þörf sé á því þegar um er að ræða einhliða skuldaviðurkenningu. Vísað er til umfjöllunar hér að framan um að eðlilegt sé að rafræn skuldaviðurkenning geti verið einhliða skuldaviðurkenning þó hún teljist ekki viðskiptabréf.

Í ákvæðinu segir að rafrænar skuldaviðurkenningar skuli „undirritaðar og samþykktar“. Ekki verður séð að þörf sé á orðunum „og samþykktar“. Undirritun felur í sér samþykki. Þá er rétt að gera ráð fyrir að þinglýstur eigandi undirriti rafræna skuldaviðurkenningu þegar um veðlán er að ræða.

Í 5. mgr. segir: „Rafræn skuldaviðurkenning telst fullnægja skilyrðum laga sem binda gildi löggernings við að hann sé skriflegur eða á áþreifanlegu formi, svo sem á pappír. Hún telst enn fremur uppfylla áskilnað í ákvæðum laga um framvísun á frumriti, afriti eða endurriti skjals.“ Spurning vaknar hvort þetta ákvæði leiði af sér réttaróvissu að því er varðar rafræna lánessamninga og skuldaviðurkenningar sem nú þegar eru til staðar á lánamarkaði. Telja verður óæskilegt að þau skjöl falli utan hugtaksins rafræn skuldaviðurkenning, (t.d. neytendalán án veðtryggingar). Æskilegt væri því að lánastofnanir gætu notað rafrænar skuldaviðurkenningar fyrir öll fasteignalán til neytenda sem og fyrir neytendalán, en ekki aðeins þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 6. mgr. er fjallað um aðilaskipti að kröfu. Þar er gerður sá áskilnaður að lánveitanda er eingöngu heimilt að framselja kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu til annars lánveitanda sem er heimilt að gera samning um rafrænar skuldaviðurkenningar og er vísað til ofangreindra athugasemda um að réttast væri að fella váttryggingafélög undir þá aðila sem heimilt er að veita lán á grundvelli rafrænna skuldaviðurkenninga og þar með til þeirra aðila sem geti keypt þessi lán. Að sama skapi er mikilvægt að reglugerðarheimildin verði nýtt þar sem aðilum á markaði, t.a.m. sjóðum, verði gert heimilt að fjárfesta í lánnum sem þessum enda eru slík viðskipti nokkuð algeng með fjármálafyrirtækja. Þá er ekki síður mikilvægt að gengið sé úr skugga um að þessi takmörkun á framsalsheimild standi því ekki í vegi að rafrænar skuldaviðurkenningar verði notaðar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréfs.

Í 6. mgr. segir einnig að „samningsbundið framsal kröfu öðlast réttarvernd þegar framseljandi og framsalshafi hafa staðfest framsalið með rafrænum hætti og það hefur verið birt í upplýsingagátt skv. 2. gr. b. Slík birting skal talin fullnægjandi tilkynning til neytanda um framsal.“ Óljóst er hvernig framkvæma á ákvæðið, þ.e. hvernig gera/staðfesta eigi framsalið með rafrænum hætti. Verður rafræna skuldaviðurkenningin árituð rafrænt með einhverjum hætti eða verður framsalið sjálfstætt skjal? Þetta þarf að vera alveg skýrt og getur m.a. haft áhrif á það

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

hvort rafrænar skuldaviðurkenningar verði taldar hæfar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréfs. Hér þarf að hafa í huga að bankarnir geta í dag gefið út sértryggð bréf í íslenskum krónum og í erlendri mynt. Rafræna skuldaviðurkenningin þarf að geta talist veðhæf á grundvelli reglna um sértryggð skuldabréf gagnvart Seðlabanka Íslands og gagnvart evrópska seðlabankanum.

Í 7. mgr. er fjallað um að neytandi á rétt á því að halda uppi sömu mótbárum gegn framsalshafa sem hann gat nýtt sér gagnvart upphaflegum lánveitanda. Þessi réttur neytandans gildir óháð því hvort framsalið er samningsbundið eða komið til með öðrum hætti. Vísað er til umfjöllunar að framan um að samtökin sjái ekki ástæðu sé til að gera þennan greinarmun á rafrænum skuldaviðurkenningum og viðskiptabréfum. Eins og fram hefur komið er líklegt að lánastofnanir munu líklega ekki telja þetta lánsform vænlegt til notkunar ef þessi leið verður fyrir valinu. Ástæður þess eru tíundaðar hér að framan.

Í 8. mgr. kemur fram að lánveitandi getur veðsett kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu og sett fram skilyrði fyrir því. Mikilvægt er ráðuneytið fari sérstaklega yfir það hvort rafrænar skuldaviðurkenningar geti komið í stað skuldabréfa/viðskiptabréfa sem fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í viðskiptum fjármálafyrirtækja við Seðlabankann. Ljóst er að breyta þyrfti m.a. 10. gr. reglna nr. 1200/2019 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Þetta snýr m.a. að veðsetningu, réttarvernd veðsetningar og framsali. Ástæða væri til að fá álit Seðlabankans á þessu.

Það er afar jákvætt að í 9. mgr. er sett fram ákvæði um að rafræn skuldaviðurkenning geti verið hluti af tryggingasafni sértryggðs skuldabréfs og verið andlag tryggingaréttinda vegna slíkra skuldabréfa eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum um sértryggð skuldabréf. Eins og bent er á að framan er spurning hvort talið verði að ákvæði um framkvæmd framsals, takmarkanir á framsali og mótbáru leiði til þess að rafrænar skuldaviðurkenningar verði ekki taldar hæfar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréfs, eða þá ekki jafnhæfar og skuldabréf. Ef þær áhyggjur reynast réttar er líklegt að þetta nýja lánsform muni ekki verða notað hjá lánastofnunum þar sem að það mun leiða til lakari kjara við fjármögnun lánastofnunarinnar sjálfrar.

## 2. gr. b.

Eins og þegar hefur komið fram eru SFF hlynnt rafrænni upplýsingamiðlun til lántaka og leggja samtökin ríka áherslu á að við þróun og gerð upplýsingagáttarinnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. b., verði haft náið samstarf við aðildarfélög samtakanna hvort sem það varðar tæknilegar útfærslur, birtingu gagna og kostnaðarþátttöku lánastofnana sem virðist vera gert ráð fyrir í ákvæðinu. Sérstaklega er bent á í þessu sambandi að lög nr. 33/2013 um neytendalán

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

og lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda gera kröfur um að ýmis gögn og ýmsar upplýsingar tengd lánum séu birt á varanlegum miðli.

Mikilvægt er að lánastofnanir geti nýtt upplýsingagáttina til þess að birta öll þessi gögn og upplýsingar þannig að þau verði öll birt lántakendum á einum og sama staðnum. Því leggja SFF til að kveðið verði á um það í 2. mgr. 2. gr. b. að upplýsingagáttin teljist varanlegur miðill (eða að birting í gáttinni teljist birting á varanlegum miðli) í skilningi laga nr. 33/2013 um neytendalán og laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda, þ.e. tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.

Bent er á að afmörkun á aðgangi sýslumanna að gáttinni virðist vera of þröng í niðurlagi ákvæðis 2. mgr. Sýslumenn gætu þurft á þessum aðgangi að halda í öðrum tilgangi, t.d. vegna þinglýsingar og leiðréttingar á þinglýsingu.

Reglugerðarheimild í 3. mgr. um framkvæmd ákvæðisins er mikilvæg og leggja SFF áherslu á að reglugerðin verði útfærð í samvinnu við lánveitendur. Skv. a. lið 3. mgr. skal mæla fyrir um í reglugerð hvaða upplýsingar skuli koma fram í rafrænni skuldaviðurkenningu þ. á m. kröfur til frágangs á viðaukum og skilmálabreytingum. Ekki er ljóst hvernig gerð slíkra viðauka/skilmálabreytinga verði framkvæmd í tilfelli rafrænna skuldaviðurkenninga. Algengt er að viðaukar/skilmálabreytingar séu gerðir við skuldabréf, en þá er um að ræða sérstakt skjal sem kemur til viðbótar við frumskjalið. Eðli rafrænna skuldaviðurkenninga er hins vegar með þeim hætti að óljóst er hvaða formkröfur eigi að gera til viðauka/skilmálabreytinga, t.d. hvort árita þurfi upphaflegu skuldaviðurkenninguna og hvaða áhrif það hefur á frumrit viðurkenningarinnar að til sé annað skjal (viðauki/skilmálabreyting) sem breytir efni viðurkenningarinnar, sem og hvaða áhrif áritun kann að hafa. Hugsanlega verður þetta til þess að lánastofnanir kjósi að gera nýja rafræna skuldaviðurkenningu í stað eldri, fremur en að gera viðauka/skuldaviðurkenningu.

## 5. gr.

Einfalda mætti orðalag ákvæðisins og segja „skal rafrænt eða útprentað eintak rafrænnar skuldaviðurkenningar fylgja aðfararbeiðni“.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)



**6. gr. b.**

Lagt er til að hinn nýi málsliður orðist svo: *Sé krafa um nauðungarsölu reist á rafrænni skuldaviðurkenningu skv. 7. tölul. 1. mgr. skal **rafrænt eða útprentað** eintak hennar bera með sér að gerðarbeiðandi sé kröfuhafi, sbr. 3. mgr. 11. gr.*

**8. gr.**

Æskilegt væri að nýja lánsformið tæki til allra neytendalána samkvæmt lögum nr. 33/2013, hvort sem þau eru tryggð með veði eða ekki. Ef um væri að ræða veðtryggt neytendalán ætti ekki að skipta máli hvort veðið væri bifreið eða annað lausafé, t.d. vinnuvél eða landbúnaðartæki. Í frumvarpinu koma ekki fram sérstök rök fyrir því af hverju lánsformið er aðeins látið ná til neytendalána sem tekin eru til bifreiðakaupa (auk fasteignalána til neytenda). Slík takmörkun er til þess fallin að draga úr hagræði sem gæti falist í nýja lánsforminu og jafnframt til að valda réttaróvissu um þá rafrænu lánessamninga sem gerðir eru um önnur neytendalán en lán til bifreiðakaupa.

**9. gr. a.**

Ákvæðið mælir fyrir um að við lög um sértryggð skuldabréf bætist ný grein þess efnis að tryggingasafn skuldabréfa geti samanstðið af rafrænum skuldaviðurkenningum. Til viðbótar þarf að breyta 1. másl. 2. tölul. 23. gr. laga um samningsveð og bæta þar við orðunum „eða rafrænan“: Ákvæðið verður þá svohljóðandi: „Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflagan eða rafrænan gerning.“

Hér þykir enn og aftur ástæða til að viðra áhyggjur af því að ákvæði frumvarpsins um framkvæmd framsals, takmarkanir á framsali og mótbárur (þ.e. að mótbárur glatist ekki) leiði til þess að rafrænar skuldaviðurkenningar verði ekki taldar hæfar í tryggingasafn sértryggðs skuldabréf, eða þá ekki jafnhæfar og skuldabréf (sbr. athugasemdir að ofan). Mikilvægt er að í lögum verði skýrlega kveðið á um þessi atriði þannig að ekki verði lögfest séríslensk frávik sbr. tilskipanir á grundvelli EES-samningsins. Er þá sérstaklega litið til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og breytingar á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB og hins vegar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)



Til þess að gera rafrænar skuldaviðurkenningar jafnhæfar og skuldabréf í tryggingasafn sértryggðra skuldabréfa væri auk þess ástæða til að kveða á um að rafrænar skuldaviðurkenningar yrðu felldar undir XVII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem geymir sérstakar málsmeðferðarreglur vegna mála sem höfðuð eru til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, sbr. c-lið 117. gr. laganna.

### Niðurlag

SFF líta á þetta frumvarp sem mikilvægt skref til að efla rafræn viðskipti sem ber að fagna. Afar mikilvægt er að vel takist til við lagasetninguna. Málið er flókið og stórt í sniðum eins og umsögn þessi ber með sér og því eru fulltrúar SFF ávallt tilbúnir til viðræðna við ráðuneytið til að varpa frekara ljósi á sjónarmið samtakanna ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

*Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur*

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)